

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar fyrir Óseyrarbraut 28.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. júlí 2024 breyting á deiliskipulagi Suðurlhafnar vegna Óseyrarbrautar 28. Breytingin felst í að bæta við sjálfstæðum byggingarreit á lóð Óseyrarbrautar 28, sem staðsettur verður 3 m frá norðurmörkum lóðarinnar og 5 m frá lóðarmörkum að Óseyrarbraut, austurmörk byggingarreits ná að lóðarmörkum Óseyrarbrautar 26. Hámarksmanishæð mannvirkis á viðbættum byggingarreit er 7 m. Mögulegt er að byggja alls 1.193,1 m² til viðbótar. Stærð lóðar er leiðrétt.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi við Kaplakrika vegna nýrrar lóðar fyrir spennistöð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. júlí 2024 breyting á deiliskipulagi við Kaplakrika vegna nýrrar lóðar fyrir spennistöð. Í breytingunni felst í að stofnuð verði ný lóð og á henni verði komið fyrir 9,8 m² spennistöð að hámarkshæð 2,5 m frá yfirborði jarðar, samhliða því fækka fyrirhuguðum bílastæðum á svæðinu um 3. Ný lóð yrði 36 m² og ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á henni.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 31. júlí 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Julia Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. ágúst 2024